

49. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar þriðjudaginn 21. febrúar 2012, kl. 13:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Byggðakvóti**
 - 2. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Byggðakvóti

Með bréfi sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytisins dags. 14. febrúar sl., voru gerðar athugasemdir við a) lið sérreglna fyrir Blönduósbæ vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðisins 2011/2012. Að teknu tilliti til athugasemda ráðuneytisins samþykkir bæjarráð eftirfarandi reglur:

- a) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: „Skipta skal helmingi 50% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og öðrum helmingi 50% sem verði skipt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, í hlutfalli við landaðan afla hlutaðeigandi fiskiskips, í þorskígildum talið, á Blönduósi eða Skagaströnd, á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011.“
- b) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: „Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan Blönduós afla sem nemur, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað.“

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 14:00

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)